5 SKREF TIL VERNDAR BÖRNUM

GEGN KYNFERÐISOFBELDI

Blátt áfram

Markmið samtakanna er að skapa örugga og trausta framtíð fyrir börn

BLÁTT ÁFRAM...

...eru forvarnarsamtök sem voru stofnuð árið 2004 og hafa það að markmiði að stuðla að forvörnum og fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum.

Markmið samtakanna er að skapa örugga og trausta framtíð fyrir börn. Með fræðslu til fullorðinna er þeim gerð grein fyrir nothæfum leiðum til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi.

Á Íslandi er hugtakið kynferðisofbeldi notað sem samheiti yfir þær margvíslegu kynferðislegu athafnir sem brjóta á rétti barna.

Blátt áfram

BIRTINGARFORM KYNFERÐISLEGRA ATHAFNA

Kynferðisleg áreitni felur í sér kynferðislega hegðun sem getur verið líkamleg, myndræn eða falið í sér orð. Hegðun sem er ósanngjörn og móðgandi fyrir þann sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé tekið fram að hegðunin sé særandi. Kynferðisleg áreitni getur einnig verið þegar gripið er um kynfæri, brjóst eða rass.

Sifjaspell er öll kynferðisleg hegðun milli ættingja sem treysta hvor öðrum, þar sem annar aðilinn er ósamþykkur en undirgefinn og á einhvern hátt háður þeim aðila sem beitir ofbeldinu.

Nauðgun er þegar einhver þrengir sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja og án samþykkis hennar. Það telst nauðgun þegar fingur eða limur fer inn í munn, rass eða leggöng gegn vilja og án samþykkis.

Vændi er þegar einstaklingur selur aðgang að líkama sínum til að uppfylla kynlífsþarfir annarra fyrir þening eða í skiptum fyrir gjafir. Mansal er þegar einstaklingur er þvingaður til kynlífs.

Kynlíf er það þegar tvær manneskjur eða fleiri, örva kynfæri og/eða rass með hlut, fingri, munni og/eða kynfærum.

Klám er efni sem lýsir ítarlega kynlífi, hvort sem það er ljósmynd, texti og/eða myndefni. Efnið er gjarnan framleitt af fjárhagslegum forsendum með þann tilgang að örva áhorfandann kynferðislega.

Sexting er skilgreint sem sendingar á kynferðislegum skilaboðum, oft ljósmynd, texta eða myndefni sem sýnir nekt.

Stafrænt kynferðisofbeldi felur í sér birtingar á kynferðislegu efni, í formi nektarmynda eða myndskeiða. Hugtakið er einnig þekkt sem hrelliklám, hefndarklám eða klám án samþykkis. Börn geta ekki veitt samþykki sitt.

KYNFERÐISOFBELDI GAGNVART BARNI FELUR Í SÉR:

- Hvers kyns kynferðislega athöfn, kynferðisleg orð eða kynferðislegar myndir sem er beitt gegn barni.
- Hvers kyns blekking til kynlífsathafna með gjöfum eða annars konar tælingu milli fullorðins og ólögráða einstaklings eða milli tveggja ólögráða einstaklinga.
- Að neyða, hvetja, þvinga eða sannfæra barn um að taka þátt í hvers kyns kynferðislegri athöfn sem það skilur ekki fyllilega, hefur ekki nægilegan þroska til að taka þátt í og/eða er ófært um að veita samþykki sitt fyrir.
- Alla kynferðislega snertingu og athæfi sem ekki felur í sér beina snertingu, svo sem sýniþörf (að sýna kynfæri sín og draga þannig að sér athygli), klám í hvaða mynd sem það kann að birtast (barni er sýnt klám af fullorðnum), gægjuþörf (að öðlast kynferðislega örvun við að horfa á nakta líkama) eða kynferðisleg samskipti, hvort sem um er að ræða bein samskipti, í síma eða á netinu.

Skref 1

STAÐREYNDIR OG ÁHÆTTUÞÆTTIR

Staðreyndir byggja undir meðvitaðar ákvarðanir um hvernig lífsgæði við viljum skapa börnum.

Á Íslandi eru 1 af hverjum 5 stelpum og 1 af hverjum 10 strákum beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur.

- Á Íslandi eru um 17% til 27% barna talin vera beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur.
- Um 20% kvenna og 5 -10% karla um heim allan verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur.
- 90% þeirra sem verða fyrir stafrænu kynferðisofbeldi eru konur.
- Í alþjóðlegri könnun á nethegðun ungs fólks kom fram að stelpur (71%) og strákar (67%) eru jafn líkleg til að stunda sexting en mun líklegra er að stelpur geri það vegna þrýstings frá hinu kyninu.
- Af þeim 2180 einstaklingum sem leituðu til Neyðarmóttökunnar vegna nauðgana á árunum 1993-2012 voru 29% yngri en 18 ára og 40% voru 18 til 25 ára.
- Flest börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi kæra aldrei ofbeldið.

Veruleikinn er sá að á bilinu 60%-70% þeirra sem beita börn kynferðislegu ofbeldi eru tengdir þeim fjölskylduböndum, vinir eða kunningjar þeirra

STAÐREYNDIR UM TENGSL ÞOLENDA VIÐ OFBELDISMENN

- Mikilvægt er að vera meðvitaður um að fólk sem brýtur kynferðislega gegn börnum kemur úr öllum stéttum þjóðfélagsins, er á öllum aldri, af báðum kynjum og oft á tíðum er hinn brotlegi aðili einhver sem kemur vel fyrir og er vinsamlegur við börn. Það skiptir ekki máli á hvaða aldri barnið er, það er alltaf líklegra en ekki að brot gegn því eigi sér stað inni á heimili þess, ofbeldismannsins eða á sameiginlegu heimili þeirra. Staðalímynd ofbeldismanna í kynferðisbrotamálum er hinn ókunnugi.
- Veruleikinn er sá að á bilinu 60%-70% þeirra sem beita börn kynferðislegu ofbeldi eru tengdir þeim fjölskylduböndum, vinir eða kunningjar þeirra.
- Ofbeldismenn eru að stærstum hluta karlar (80%) og meðalaldur þeirra 40 ára.
- Erlendar rannsóknir hafa sýnt að um 30-50% af kynferðisbrotum gegn börnum eru framin af einstaklingum yngri en 18 ára.
- Á Íslandi eru um 5-10% ungra gerenda (<18 ára) kvenkyns.
- 56% af þeim karlkyns gerendum og 87% af þeim kvenkyns gerendum sem höfðu beitt þau börn sem leituðu til Barnahúss á árunum 2006-2011 kynferðisofbeldi voru yngri en 15 ára.

Meirihluti barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi (90%) segja ekki öðrum frá ofbeldinu á meðan þau eru enn börn

AFLEIÐINGAR KYNFERÐISOFBELDIS

- Kynferðisofbeldi í æsku hefur mjög alvarlegar og langvarandi líkamlegar, sálfræðilegar, kynferðislegar og félagslegar afleiðingar. Að geta sagt einhverjum frá og fengið stuðning er því eitt af grunnatriðum í að lifa slíkt ofbeldi af.
- Um þrisvar sinnum líklegra er að börn á Íslandi sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi telji framtíð sína vera vonlausa.
- Á Íslandi meta 56% stúlkna og 27% drengja andlega heilsu sína slæma samanborið við 21% stúlkna og 13% drengja sem hafa ekki orðið fyrir slíku áfalli.
- Tæplega 70% stúlkna og 25% drengja á Íslandi sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi eru oft einmana samanborið við 26% stúlkna og 11% drengja sem ekki hafa orðið fyrir slíku ofbeldi.
- Erlendar rannsóknir hafa sýnt að um 70-80% þeirra sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi eiga við áfengis-og fíknivandamál að stríða.
- Meirihluti barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi (90%) segja ekki öðrum frá ofbeldinu á meðan þau eru enn börn.
- Stafrænt kynferðisofbeldi hefur sömu afleiðingar og annað kynferðisofbeldi fyrir þann sem fyrir því verður.



Mynd 2.1 Tengsl erfiðra upplifana í æsku við lífsgæði fólks seinna meir á lífsleiðinni.

Skref 2

VERTU VAKANDI OG FÆKKAÐU TÆKIFÆRUNUM

Nauðsynlegt er að þekkja eðli ofbeldis til að átta sig á aðferðum þeirra sem beita börn ofbeldi. Enn fremur að þekkja til vísbendinga um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi til að geta brugðist við og átt möguleika á að vernda öll börn. Það er ábyrgð fullorðinna að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, þekkja til vísbendinga sem barn getur sýnt ef því líður illa og ennfremur að reyna að koma í veg fyrir aðstæður sem ofbeldismenn geta nýtt sér.

LÆRÐU AÐ KOMA AUGA Á VÍSBENDINGARNAR

Barn sem beitt er kynferðisofbeldi gefur oft frá sér vísbendingar og þú sem verndari þess þarft að geta komið auga á þær. Viðbrögð barns geta verið mismunandi en oft er um að ræða nokkrar grunnbreytingar á hegðun, hugsun og tilfinningum.

Vísbendingarnar geta verið í formi sállíkamlegra einkenna (t.d. magaverkur og höfuðverkur) sem eiga sér oft engar útskýringar og/eða líkamlegra einkenna (sár á kynfærum) sem eru þó sjaldgæf.

Tilfinningaviðbrögð á borð við hræðslu, reiðiköst (oft óútskýrðra), kvíða, sektarkennd, lélegt sjálfstraust, þunglyndi, svefntruflanir eða tíðar martraðir eru einnig algeng einkenni. Börn sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi geta einnig sýnt sjálfskaðandi hegðun eins og að skera sjálfan sig, neyta vímuefna eða gera tilraunir til sjálfsvígs.

HVAÐA LEIÐIR GETUM VIÐ FARIÐ TIL AÐ FÆKKA TÆKIFÆRUM?

Kynhegðun þarf að kenna og börn þurfa leiðbeiningar um kynhegðun eins og flesta aðra hegðun. Mikilvægt er að horfa á kynferðisofbeldi sem framið er af börnum og unglingum sem hegðunarvandamál frekar en ofbeldi. Börn eiga þá möguleika á að fá viðunandi aðstoð til að koma í veg fyrir að hegðunin endurtaki sig.

Okkur ber, sem verndurum allra barna, skylda til að bregðast við aðstæðum í umhverfinu sem geta mögulega stuðlað að ofbeldi. Mikilvægt er að geta upplýst og stutt þau börn sem eru að sýna óviðeigandi kynhegðun ásamt því að stuðla að öruggu umhverfi fyrir þau börn sem verða fyrir ofbeldi.

Mynd 1 sýnir að í hverjum aðstæðum er tækifæri til að bregðast við með því að styrkja jákvæða hegðun og stöðva óviðeigandi hegðun sem getur leitt til kynferðisofbeldis.



Mynd 1 Stigvaxandi ferli hegðunar.

Talaðu opinskátt um mörk, líkama og samskipti

Skref 3

FRÆÐUM BÖRN TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR OFBELDI

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að vera vernduð af fjölskyldu sinni, samfélagi og því landi sem þau búa í.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT TIL AÐ DRAGA ÚR ÁHÆTTUNNI?

Fullorðnir eru fyrirmyndir barna og er nauðsynlegt að þau fái viðunandi fræðslu frá þeim í gegnum opinskáa umræðu um málefni sem snúa að kynferðislegri hegðun. Mikilvægt er að regluleg umræða eigi sér stað við hin ýmsu tækifæri sem gefast meðan barnið vex úr grasi.

ÞAÐ ER HLUTI AF UPPELDI BARNA AÐ UPPLÝSA ÞAU UM:

- **Persónuleg mörk:** Kenna þarf börnum að standa með sjálfum sér og að svara beiðnum annarra játandi eða neitandi eftir því hvað þau vilja sjálf en ekki sem aðrir vilja. Mikilvægt er að útskýra nákvæmlega að það sé stranglega bannað að fullorðnir noti kynferðisleg orð eða klámyrði við börn.
- **Líkamann:** Mikilvægt er að ræða við börn um að bera virðingu fyrir sjálfum sér og að vernda líkama sinn. Upplýstu börn um einkastaði líkamans typpi, píku og rass. Gott er að ræða við börn um muninn á heilbrigðri (t.d. knús frá vini) og óeðlilegri snertingu og að þau megi segja nei við því sem þau vilja ekki.
- **Góð og vond leyndarmál:** Nauðsynlegt er að spjalla um að leyndarmál eigi að vera um eitthvað skemmtilegt en eigi ekki að láta börnum líða illa. Mikilvægt er að spjalla við barnið um hverjum það geti treyst fyrir leyndarmálum, ræða muninn á góðum og vondum leyndarmálum og koma með dæmi um slíkt. (sjá má nánar í bók, Einkastaðir líkamans, leiðbeiningar fyrir foreldra til að ræða mörk og einkastaði líkamans).

NOKKUR RÁÐ TIL FULLORÐINNA TIL AÐ AUKA ÖRYGGI BARNA Á NETINU

Skoðið netsíður og smáforrit saman.

- Spurðu barnið hvaða netsíður og samfélagsmiðla það notar mest. Sýndu forvitni og leyfðu barninu að upplýsa þig.
- Mikilvægt er að spjalla um reglur sérhvers samfélagsmiðils varðandi lögaldur og ástæðurnar að baki þeirri reglu.
- Vertu jákvæður fyrir því sem þú sérð þegar barn sýnir þér hvað það gerir á samfélagsmiðlum en einnig opinn fyrir því ef áhyggjur vakna.
- Leyfðu börnum að taka þátt í umræðunni um hvað er viðeigandi hegðun barna á netinu með tilliti til aldurs þeirra.
- Vertu viðbúinn því að börnum finnist ósanngjarnt að fá ekki að nota ákveðna samfélagsmiðla (t.d. vegna aldurstakmarka) og talaðu um ástæðurnar að baki því. Þau munu að öllum líkindum vera ósammála en hlustaðu einnig vel á þeirra skoðanir og rök.

Skref 4

HLUSTUM TRÚUM OG STYÐJUM BÖRN

Hvenær barn segir frá ofbeldi getur ráðist af því hvernig það skynjar viðhorf fólks í nánasta umhverfi sínu.

KYNNTU ÞÉR TJÁNINGARMÁTA BARNA

- Börn sem segja frá kynferðisofbeldi „opna“ sig oft við einhvern fullorðinn sem þau treysta aðra en foreldra sína. Mikilvægt er að sá sem trúað er fyrir upplýsingunum haldi ró sinni og leiti síðan til fagaðila. Það er mikilvægt að þeir sem vinna með börnum hafi hlotið þjálfun í að bregðast við slíkum trúnaðarupplýsingum.
- Börn segja stundum frá „hluta“ þess sem gerðist, eða láta sem það hafi hent einhvern annan, til að kanna viðbrögð hinna fullorðnu.
- Börn geta „lokast“ og neitað að segja meira ef brugðist er við af miklum ákafa eða á neikvæðan hátt.
- Þó barn segi foreldrum sínum ekki frá þýðir það ekki að þeir séu slæmir foreldrar.

Áhrifaríkasta ákvörðunin er að **treysta sjálfum þér**

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ HAFA Í HUGA EF BARN LEITAR TIL ÞÍN:

- Barnið sýnir þér mikið traust.
- Haltu ró þinni og gættu að réttum viðbrögðum. Þú ættir að vera með þína eigin áætlun um hvernig þú ætlar að bregðast við ef barn segir þér frá kynferðisofbeldi.
- Mikilvægt er að hlusta vel á frásögn barnsins og leyfa því að tala án þess að trufla það.
- Alls ekki beita þrýstingi ef barnið vill ekki tjá sig meira.
- Barnið er búið að opna fyrir upplifun sína og mundu að vanvirða ekki það traust sem barnið sýnir þér.
- Taktu við þeim upplýsingum sem barnið gefur þér án þess að spyrja leiðandi spurninga.
- Mundu að leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá lögreglu.
- Segðu barninu að réttir aðilar þurfi að vita hvað gerðist svo hægt sé að hjálpa því.

HÉR AÐ NEÐAN FARA ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR SEM BYGGÐAR ERU Á VIÐHORFUM SEM TAKA FYRST OG FREMST MIÐ AF HAGSMUNUM BARNA.

Ef grunur vaknar um að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi:

- Gott er að barnið finni að það getur treyst þér og að þú sért ekki hrædd/-ur að heyra hvað það hefur að segja.
- Eitt af því sem hægt er að gera er að tala um leyndarmál, að stundum geti leyndarmál verið vond og erfið og þá sé gott að segja frá þeim.

Barn segir frá:

- Hlustaðu vel á frásögn barnsins og leyfðu því að ljúka máli sínu.
- Haltu ró þinni og varastu að sýna svipbrigði sem lýsa ótta og örvæntingu.
- Spurðu almennra spurninga án þess að spyrja nánar út í einstök atvik eða draga upp úr því nákvæmar lýsingar.

Velferð barna er í húfi. Bregðumst við grunsemdum af öryggi og gerum eitthvað í málinu.

Skref 5

MIKILVÆGI TILKYNNINGA

Samkvæmt barnaverndarlögum er það skylda allra, bæði almennings og þeirra sem starfa að málefnum barna undir 18 ára aldri, að tilkynna öll mál til barnaverndanefndar ef þeir hafa grun um að barn verði fyrir áreitni eða ofbeldi.

LÖGBOÐIN TILKYNNINGARSKYLDA

- Í 16.gr. barnaverndarlaga nr 80/2002 kemur fram að öllum er skylt að tilkynna ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.
- Í 17.gr. sömu laga kemur fram að þeim sem starfa með börnum ber sérstaklega að tilkynna grun sinn.

AÐ VELJA RÉTTA LEIÐ EFTIR EÐLI MÁLSINS

- Mjög brýnt er að sinna skyldu sinni og tilkynna öll tilfelli þar sem grunur vaknar um kynferðisofbeldi, hvort sem þau hafa átt sér stað í fjölskyldu barnsins eða af hálfu einhvers sem starfs síns vegna hefur afskipti af börnum.
- Á öllum vinnustöðum þar sem unnið er með börnum eiga að gilda ákveðnar verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndarnefndar og siðareglur um samskipti starfsfólks við börn og aðra samstarfsaðila
- Yfirmenn í starfi þurfa að fara vel yfir þær vinnureglur sem viðhafðar eru á viðkomandi vinnustað og kynna starfsmönnum sínum þær. Fræðsla er forsenda þess að fólk tileinki sér starfs- og siðareglur vinnustaða.

Gangið úr skugga um, að allar stofnanir, fyrirtæki og félög sem koma að umönnun barna hafi skýrar verklagsreglur og fastmótað tilkynningaferli áður en þið leyfið þeim að annast börnin ykkar.

KYNNTU ÞÉR HVAÐA STOFNANIR TAKA VIÐ TILKYNNINGUM UM KYNFERÐISOFBELDI

- **Barnaverndarnefndir** starfa í öllum bæjarfélögum. Nánari upplýsingar um þær má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu (bvs.is). Þar eru einnig upplýsingar um hvernig beri að bregðast við, ef grunur leikur á að brotið hafi verið gegn barni. Barnaverndarnefndir hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki sem tekur við tilkynningum og gerir viðeigandi ráðstafanir í framhaldi af því.
- **Neyðarlínan 112** er opin allan sólarhringinn – alla daga ársins. Símanúmerið 112 veitir aðgang að öllum barnaverndarnefndum landsins. Hafa ber í huga að hægt er að hringja og óska eftir aðstoð þó ekki sé fyrir hendi fullvissa um að brotið hafi verið á barni. Þú ert kannski sá eini/eina sem talar fyrir hönd barnsins. **Hringdu þótt þú sért í vafa**.
- **Barnahús** sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Barnaverndarnefndir bera ábyrgð á vinnslu slíkra mála og geta óskað eftir þjónustu Barnahúss. Ítarlegri upplýsingar um þjónustu Barnahúss er að finna á **barnahus.is eða í síma 530-2500**.
- **Ef þú ert óviss um næstu skref varðandi tilkynningu á barni, má hafa samband við Blátt áfram í síma 533-2929 eða blattafram@blattafram.is**

Blátt áfram

Námskeiðið Verndarar barna er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðisofbeldi gegn börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðisofbeldi barna af festu og ábyrgð

NÁMSEFNIÐ VERNDARAR BARNA ER FYRIR:

Fullorðna einstaklinga sem bera ábyrgð á umönnun og verndun barna; sínum eigin eða annarra. Stofnanir og félagasamtök sem bera ábyrgð á eða þjóna börnum og unglingum.

Efnið byggist á **fimm skrefum til verndar börnum**, verkefnabók, myndefni og umræðum.

Leiðbeinendur sem leiða námskeiðið er fagfólk sem hefur hlotið þjálfun hjá Blátt áfram.

Námskeiðið er öllum opið. **Á vefsíðu félagsins má sjá næstu námskeið**.

Ef þú hefur áhuga á að skrá þig á námskeiðið vinsamlegast sendu póst á netfangið **blattafram@blattafram.is** eða hringja í síma **533 2929**.

Úttekt hefur verið gerð á efninu og sýndu niðurstöður að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðisofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun. Þátttakendur telja einnig líklegt að þeir muni í framtíðinni grípa til fleiri forvarnaraðgerða til verndar börnum gegn kynferðisofbeldi en þeir gerðu áður. Ályktа má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðisofbeldi.

UMSÖGN UM NÁMSKEIÐIÐ VERNDARAR BARNA

„FÍNT EFNI SEM VEKUR MANN TIL UMHUGSUNAR. GAMAN AÐ HEYRA MISMUNANDI SJÓNARMIÐ Í ÞESSUM EFNUM.“

„VINNUBÓKIN VIRÐIST INNIHALDA MJÖG MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR. VIRÐIST NÁ SÍNU TAKMARKI. SKULDBINDUR MANN TIL AÐ TAKA AFSTÖÐU.“

„MYNDEFNIÐ GEFUR RAUNHÆFA MYND AF KYNFERÐISLEGU OFBELDI MEÐ SKÝRUM DÆMUM SEM HÆGT ER AÐ SAMSAMA SIG VIÐ – VITUNDARVAKNING.“

„NÁMSKEIÐIÐ BENDIR MANNI Á MIKILVÆGI ÞESS AÐ VIRKJA FULLORÐNA TIL AÐ TAKA SAMEIGINLEGA Á ÞESSUM VANDA.“

Skref 1

STAÐREYNDIR OG ÁHÆTTUÞÆTTIR

Staðreyndir byggja undir meðvitaðar ákvarðanir um hvernig lífsgæði við viljum skapa börnum.

Skref 2

VERTU VAKANDI OG FÆKKAÐU TÆKIFÆRUNUM

Nauðsynlegt er að þekkja eðli ofbeldis til að átta sig á aðferðum þeirra sem beita börn ofbeldi. Ennfremur að þekkja til vísbendinga um að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi til að geta brugðist við og átt möguleika á að vernda öll börn.

Skref 3

FRÆÐUM BÖRN TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR OFBELDI

Foreldrar eru fyrirmyndir barna og því er nauðsynlegt að þau fái viðunandi fræðslu frá fullorðnum í gegnum opinskáa umræðu um málefni sem snúa að kynferðislegri hegðun. Mikilvægt er að regluleg umræða eigi sér stað við hin ýmsu tækifæri sem gefast meðan barnið vex úr grasi.

Skref 4

HLUSTUM, TRÚUM OG STYÐJUM BÖRN

Hvenær barn segir frá ofbeldi getur ráðist af því hvernig það skynjar viðhorf fólks í nánasta umhverfi sínu

Skref 5

MIKILVÆGI TILKYNNINGA

Velferð barna er í húfi. Bregðumst við grunsemdum af öryggi og gerum eitthvað í málinu.

Blátt áfram // Fákafen 9, 108 Reykjavík
www.blattafram.is // blattafram@blattafram.is